

Skipulagsstofnun
b/t Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2019
UST201904-065/R.K.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – 9.000 tonna aukning urðunar í Stekkjarvík, Blönduósi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að auka móttöku sorps til urðunar í Stekkjarvík, í landi Sölvabakka á Blönduósi, úr 21.000 tonnum í 30.000 tonn á heimilis og rekstrarúrgangi. Um er að ræða urðunarstað á vegum byggðarsamlagsins Norðurá bs. (hér eftir nefnt rekstraraðili) sem tekur við úrgangi af Norðurlandi til urðunar. Fram kemur í greinargerð tillögu að matsáætlun að: „*EKKI er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstrartímans árið 2038*“ (bls. 7) og „*Breytingin felst í að gert er ráð fyrir aukningu frá núverandi stöðu á hámarks árlegri urðun*“ (bls. 14).

Fram kemur í tímaáætlun framkvæmdar að rekstraraðili hyggst skila af sér matsskýrslu snemma veturs 2019 og hægt verði að hefja aukna urðun í Stekkjarvík snemma árs 2020 (bls. 9).

Urðunarstaðurinn er á 30 ha landi en mannvirki á svæðinu eru; urðunarhólf, þjónustuhús, þjónustuplan, bílvog, vélaskemma, sigvatnshreinsivirki, gasmæli- og brennslustöð og jarðefnahaugar.

Ástæða aukningarinnar er skv. greinargerð sú að urðunarstaðurinn tekur nú á móti úrgangi frá öllum sveitarfélögum á Norðurlandi í stað einungis þriggja auk þess sem aukning hefur verið í grófum úrgangi að hluta frá heimilum en að hluta frá ýmsum rekstri (bls. 7).

Skipulag

Urðunarstaðarinn er í landi Sölvabakka sem er í um 560 m fjarlægð þar sem styst er og er í um 60 m fjarlægð frá sjó. Urðunarstaðurinn er skilgreindur í aðalskipulagi

Blönduósarbæjar 2010-2030 auk þess sem til er deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 21.000 tonnum urðaðs úrgangs árlega á 5-15 ha svæði (viðauki A) og þarf því að breyta deiliskipulagi svo umfang starfseminnar og stærð framkvæmdarsvæðis sé í samræmi við skipulag.

Eldra mat á umhverfisáhrifum og framsetning

Upprunalegt umhverfismat fyrir urðunarstaðinn liggur fyrir frá 2010 og í greinargerð segir að gert hafi verið ráð fyrir urðun á alls 630.000 tonnum á rekstrartíma. Með 9.000 tonna aukningu gerir rekstraraðili: „*ráð fyrir að heildarmagn urðaðs efnis verði samtals 630.000 t í lok árs 2038*“ (bls. 14). Umhverfisstofnun telur framsetningu matsáætluninnar vera ruglingslega. Mikil áhersla er lögð á að í upphaflegu mati á umhverfisáhrifum frá 2010 hafi verið gert ráð fyrir 630.000 tonna heildarmagni urðaðs úrgangs og þar sem ekki sé gert ráð fyrir meiri heildar urðun sé framkvæmdin í raun sú sama. Á bls. 14 segir „*Í raun er engin breyting á fyrirhuguð á núverandi framkvæmd urðunar að urðunarstaðnum Stekkjarvík í landi landi Sölvabakka, önnur en sú að um aukið magn á ári verður að ræða, með tilheyrandi aukningu á umferð og umsvifum á lóðinni.*“ Í matskýrslunni og í álitni Skipulagsstofnunar frá 2010 er aftur á móti alltaf gengið út frá hámarks magni urðaðs úrgangs á ári en aldrei talað um 630.000 tonna heildarmagn urðaðs úrgangs rekstrartíma urðunarstaðsins. Í matinu er talað um 21.000 tonna heildarmagn urðaðs úrgangs á ári og að reiknað sé með að urðað verði í 30 ár. En þessi heildartala urðunar er fengin með því að gera ráð fyrir 21.000 tonna urðun í 30 ár, þá frá árinu 2010 til ársins 2040. Því er einnig óljóst hvaðan rekstraraðili fær ártalið 2038.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar var alls tæplega 111.000 tonn af úrgangi urðað í Stekkjarvík á milli áruna 2011-2017. Ef gert er ráð fyrir að árið 2018 hafi verið urðað 21.000 tonn af úrgangi og að sama verði gert árið 2019 nemur heildar urðun á staðnum rúmleg 152.000 tonn í lok árs 2019. Ef nýtt starfsleyfi er gefið út árið 2020 til ársins 2038 þá stendur eftir heimild fyrir að hámarki 478.000 tonnum til urðunar á þessum 18 árum. Það gerir, ef skipt jafnt á milli ára, heimild fyrir urðun á tæplega 26.600 tonn árlega í Stekkjarvík ef haldast á innan 630.000 tonna marksins. Hér er hins vegar verið að sækja um heimild til urðunar á 30.000 tonnum árlega til ársins 2038. Það gera alls 540.000 tonn urðuð næstu 18 árin, sem er viðbót við þau 152.000 tonn sem má gera ráð fyrir að verði þá þegar urðuð og því heimild til að urða alls 692.000 tonn á rekstrartíma urðunarstaðarins. Umhverfisstofnun telur það magn ekki rúmast innan fyrra umhverfismats og ljóst að hin nýja framkvæmd er ekki sambærileg við þá framkvæmt er fór í mat árið 2010 fyrir utan að deila staðsetningu þar sem verið er að auka urðun um þriðjung og breyta rekstrartíma urðunarstaðarins. Stofnunin telur því þörf á áætlun frá rekstraraðila um það hvernig skal stýra magni urðaðs úrgangs, og hvernig skal draga úr urðun, svo það haldist innan heildarmagns urðaðs úrgangs á rekstrartíma urðunarstaðarins í Stekkjarvík.

Ákjósanlegast væri, að mati Umhverfisstofnunar, að urðun í Stekkjarvík haldist undir 630.000 tonnum á rekstrartíma urðunarstaðarins með árlegri minnkun á magni urðunar fram til ársins 2038. Stofnunin bendir á að sveitarfélögum ber að ráðstafa meðhöndlun síns úrgangs til að ná því takmarki skv. landsstefnu. Sjá nánar hér að neðan í kafla um framtíðarstefnu Íslands í útgangsmálum. Í greinargerðinni kemur fram að stefnt er á að sækja um framlengingu á starfsleyfi og leigusamningi lands ef heildarmagni leyfilegs urðunar uppá 630.000 tonn er ekki þegar náð í lok árs 2038 (bls. 15). Umhverfisstofnun

telur varhugavert að líta á móttöku getur urðunarstaðar sem auðlind er nýta beri með öllum ráðum. Urðun úrgangs er síðast í forgangs röðun við meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ber rekstraraðila að leita annara leiða við meðhöndlun úrgangs.

Starfsleyfi og urðun aukaafurða dýra

Fram kemur í greinargerð tillögunnar að starfsemin er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun en gildandi starfsleyfi urðunarstaðarins í Stekkjarvík gildir til ársins 2026.

Þá segir um starfsemina: „*Sérstakt urðunarhólf er fyrir sláturúrgang og dýrahrae en sá úrgangsflokkur er urðaður sérstaklega*“ (bls. 7). Umhverfisstofnun bendir á að eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Nýtt mat á umhverfisáhrifum og valkostir

Ráðgert er að framkvæma nýtt mat á umhverfisþáttum; loft- lyktarmál, gasmyndun, vatn og jarðvegur, fok úrgangs, ryk, samfélag og umferð, fugla og meindýr (bls. 16). Hins vegar er mótsögn í greinargerð þar sem fram kemur að stuðst verður við eldra umhverfismat fyrir umhverfisþættina; landslag og sjónræn áhrif, hljóðvist, fugla og meindýr þar sem ekki þurfi að gera nýtt mat fyrir þá þætti (bls. 17-18). Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun eigi að vera skýrt hvaða þætti ber að athuga í nýju umhverfismati og hvernig beri að leggja mat á þá þætti. Stofnunin telur þetta ekki nægilega skýrt í tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að gera eigi nýtt mat á áhrifum starfseminnar á fugla, meindýr og hljóðvist.

Í greinargerð kemur fram að stuðst er við og vísað verði til fyrra umhverfismats eftir því sem við á við nýtt umhverfismat. Áhrifasvæðið er skilgreint sem 100 m svæði út fyrir afmarkað framkvæmdarsvæði og er það svæðið sem talið er verða fyrir beinum áhrifum framkvæmdarinnar (bls. 16). Þá segir í greinargerð um það sem fram kemur í fummatsskýrslu framkvæmdar: „*Gerð verður grein fyrir breytingum frá fyrra mati og árangur af þeim mótvægisáðgerðum sem ráðist hefur verið í nú þegar, og fjallað um áhættu út frá reynslu af núverandi starfsemi, mótvægisáðgerðir vegna áhrifa lagðar til eftir því sem við á og fjallað um vöktunaráætlun urðunarstaðarins*“ (bls. 16).

Umhverfisþættir sem eru til skoðunar vegna aukningar árlegs magns urðaðs úrgangs í Stekkjarvík í mati á umhverfisáhrifum eru; Loft, gas, lykt, vatn, jarðvegur, fok úrgangs, ryk, samfélag og umferð. En stuðst verður við fyrri matsskýrslu frá árinu 2010 við mat á umhverfisþáttunum: landslag og sjónræn áhrif, hljóðvist, fugla og meindýr. Vísað verður til reynslu af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru fyrir í fyrra mati og megin áhrif liggja fyrir um.

Skv. greinargerð verður fjallað um núllkost og fyrirliggjandi valkost um aukna urðun og að engir aðrir valkostir komi til greina að mati rekstraraðila (bls. 15). Umhverfisstofnun telur að aðrir valkostir en aukin urðun séu ávallt til staðar ásamt því að valkostur sé að auka urðun en ekki um 9.000 tonn heldur um minna magn þar sem minnka skal urðun úrgangs á komandi árum skv. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 Úrgangsstjórnun til framtíðar. Umhverfisstofnun telur að athuga þurfi þann möguleika að

auka urðun úr 21.000 tonnum árlega í 26.000 tonn á ári til ársins 2038 til að haldast innan ásættanlegs heildar magns urðaðs úrgangs í Stekkjarvík.

M.t.t. landnotkunar yrði 9.000 tonna aukning á ári ekki mikil stækkun en hins vegar veldur meiri urðun, upp í 30.000 tonn á hverju ári, auknu álagi á umhverfisþætti líkt og jarðveg, loftgæði og samfélagslega þætti líkt og óþægindi í formi aukinnar umferðar á svæðinu.

Lekt og mengunarmælingar

Umhverfisstofnun telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að vera umfjöllun um lekt jarðlaga og mælingar á mengunarefnum sem er að berast af urðunarstaðnum eins og staðan er núna. Stofnunin telur að rekstraraðili þurfi að greina frá því hvernig uppfyllar verði kröfur um verndun jarðvegs og vatns skv. I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ef rekstraraðili hyggst nýta undanþágu sbr. 25. gr. reglugerðarinnar, líkt og er nýtt við nógildandi starfsleyfi í Stekkjarvík, skal skila inn uppfærðu áhættumati. Slíkt uppfært áhættumat ætti að liggja fyrir við lok mats á umhverfisáhrifum, áður en starfsleyfisvinnsla hefst.

Ennfremur telur Umhverfisstofnun að rekstraraðili þurfi að fjalla um mælingar mengunarefna frá urðunarstaðnum og greina frá virkni þess búnaðar sem nýttur er með vísan í þær mælingar sem hafa verið gerðar. Þá þarf einnig að skýra frá nýjum og bættum aðferðum við mengunarmælingar mati stofnunarinnar.

Mælibrunnur til greininga á sigvatni er staðsettur neðan við hreinsivirki en þaðan er losun í siturbeð. Ekki eru neinar mælingar gerðar á sigvatni neðan við siturbeðið áður en sigvatn rennur í fjöru en Umhverfisstofnun hefur gert kröfu til rekstraraðila um að mæla efnasamsetningu sigvatns. Stofnunin vekur athygli á því að gildi mengunarefna hafa mælst hærrí eftir að sigvatnið fer í gegnum hreinsivirki en áður en það fer inn í hreinsivirkið sem bendir til þess að virkni hreinsivirkis sé ekki sem skildi og þarf að greina frá því í mati á umhverfisáhrifum. Þ.e. greina frá grunnástandi og hvernig rekstraraðili hyggst bæta mengunarvarnir við aukna urðun. Ennfremur bendir stofnunin á að skv. III. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er urðunarstöðum skylt að hafa einn mælibrunn ofan urðunarstaðar og tvo neðan frástreymis til mælinga á grunnvatni. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði ítarlega um það hvernig uppfylla skuli ofangreind skilyrði og greint frá niðurstöðum þeirra mælinga sem hafa verið gerðar nú þegar m.t.t. til mengunar grunnvatns.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi ítarlega um það hvernig starfsemin hyggst haldast undir mörkum losunar efna skv. reglugerð nr. 738/2003 og bendir stofnunin á að skv. mæligögnum er styrkur mengunarefna frá Stekkjarvík hár miðað við losunarmörk í yfirborðsvatn. Þá hafa sýnatökubrunnar verðir færðir og fjalla þarf um í mati á umhverfisáhrifum hvers vegna það hefur verið gert í umfjöllun um grunnástand svæðisins. Ekki er fjallað um þá umræðu á fullnægjandi hátt að mati stofnunarinnar í tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun áréttar að skv. starfsleyfi skal vakta sigvatn, grunnvatn, sjávarset, yfirborðsvatn og hauggas eins og fram kemur í mælingaáætlun í gr. 5.2. Stofnunin telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að koma skýrt fram hvernig rekstraraðili mun uppfylla kröfur í III. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Framtíðarstefna Íslands í útgangsmálum

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að á næstu árum verður innleidd hér á landi stefna á grundvelli EES samningsins um hringrásarkerfið og verður öllum sveitarfélögum landsins skylt að flokka og endurvinna a.m.k. 65% af sínu sorpi árið 2035 (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2012): Environment. Directive 2008/98/EC on waste -Waste Framework Directive). Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila einnig á gildandi markmið um 50% endurnotkun og endurvinnslu úrgangasefna árið 2020 sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. breytingareglugerð nr. 969/2014. Umhverfisstofnun vísar til þess að í framtíðinni þarf að gera ráð fyrir því að magn úrgangs muni minnka líkt að þessu magni. Því þarf að horfa til þess þegar forsendur eru metnar fyrir rekstri urðunarstaðar líkt og hér er til umfjöllunar.

Umhverfisstofnun telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að fjalla um sviðsmyndir sem gera ráð fyrir minni urðun og meiri þjónustu tengt endurvinnslu úrgangs á svæðinu í samstarfi við sveitarfélög á Norðurlandi. Er þetta áhersla sem gildir fyrir alla urðunarstaði landsins þar sem nauðsynlegt er að innleiða stefnu til framtíðar við meðhöndlun úrgangs. Þessu tengt bendir stofnunin á forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 737/2003 sem segir að fyrst beri að draga úr myndun úrgangs, svo að endurnota, næst endurnýta og þriðja og síðasta leið meðhöndlunar er endanlega förgun líkt og urðun.

Fram kemur í greinargerð að rekstraraðili hefur ekki stjórn á utanaðkomandi þáttum líkt og uppsveiflu í hagkerfinu breyttum neysluvenjum og uppbyggingum í kjölfarið eða reglugerðarbreytingum (bls. 12). Á sama tíma og Umhverfisstofnun sýnir þessu skilning þá þarf stofnunin jafnframt, sem leyfisveitandi urðunarstaða, að taka mið af þeim skuldbindingum sem Íslandi ber að uppfylla hvað varðar meðhöndlun úrgangs og samdrætti í urðun hans.

Niðurlag

Megin umhverfisáhrif aukinnar urðunar að mati Umhverfisstofnunar eru; áhrif á loft vegna lyktarmengunar og vegna losunar gass (gróðurhúsalofttegunda), áhrif á vatn og jarðveg og áhrif vegna hávaða.

Til að taka saman þá telur Umhverfisstofnun að taka þurfi tillit til eftirfarandi við mat á umhverfisáhrifum aukinnar urðunar í Stekkjarvík;


- Skýra vel frá því hvaða umhverfisþætti ber að leggja nýtt mat á og hvaða umhverfisþætti ber að styðjast við niðurstöður eldra mats og rökstuðning hvers vegna það telst fullnægjandi.
- Skýra alla umfjöllun um fyrra mat frá árinu 2010, þar sem ávallt er gengið út frá magni urðaðs úrgangs á ári en ekki heildarmagni urðaðs úrgangs á rekstrartíma,

- Valkostir, t.d. fyrir minni aukningu urðunar úrgangs á staðnum,
- Umfjöllun um það hvernig rekstraraðili mun uppfylla kröfur í III. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og hvernig rekstraraðili ætli að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar um verndun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns skv. I. viðauka reglugerðarinnar,
- Mælingar á mengunarefnum frá staðnum eins og staðan er í dag og greining frá nýjum og bættum aðferðum við mengunarmælingar á sigvatni til varnar mengunar grunnvatns og fjölda mælibrunna,
- Umfjöllun um það hvernig umrædd stækkun er í samræmi við stefnu stjórnvalda í málum um meðhöndlun úrgangs til framtíðar.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sverrir A. Jónsson
sérfræðingur